

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 21. september 2005.

Jón Kristjánsson.

Bolli Þór Bollason.

AUGLÝSING

um staðfestingu forsetaúrskurðar um skiptingu starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag staðfest svohljóðandi úrskurð um skiptingu starfa ráðherra með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar og laga og reglugerða um Stjórnarráð Íslands:

Halldór Ásgrímsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Geir Hilmar Haarde fer með utanríkisráðuneytið.

Árni Magnússon fer með félagsmálaráðuneytið.

Árni M. Mathiesen fer með fjármálaráðuneytið.

Björn Bjarnason fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Einar K. Guðfinnsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.

Guðni Ágústsson fer með landbúnaðarráðuneytið.

Jón Kristjánsson fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Sigríður Anna Þórðardóttir fer með umhverfisráðuneytið.

Sturla Böðvarsson fer með samgönguráðuneytið.

Valgerður Sverrisdóttir fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fer með menntamálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skiptingu starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 27. september 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Bolli Þór Bollason.